



# MIÐBAUGS- MINJAVERKEFNIÐ

Reykjavík, 23 október. 2018 / JS

## Bæjarstjórn Akureyrar

Hugmyndina að verkefninu sem hér er kynnt undir heitinu Miðbaugs – minjaverkefnið, alþjóðlegt farandverkefni listamanna, má rekja til þess að Jóhann Sigmarsson hannaði og smíðaði rúm til eigin nota á árinu 2011 úr bryggjudrumbum úr Reykjavíkurbíó sem annars hefði verið eytt vegna breytinga á höfninni. Verkefnið snýst um að vinna listaverk/nytjaluti með því að endurnýta sögulegar minjar hvar sem er í heiminum. Á ensku nefnist verkefnið: The Equator Memorial Project.

Nú þegar hefur tekist að afla slíks efniviðar úr höfninni í Hamborg, Berlínarmúrnum, Hiroshima og úr höfuðstöðvum norsku ríkisstjórnarinnar í Osló eftir að það var skemmt 2011 í hryðjuverkaárás Anders Behring Breivik, Kirkjugarði gamla Stalíns styttna og Leníns ummerkja og frá tímum japanska ræðismannsins Chiune Sugihara þegar að hann var í Litháen í seinna stríði og hjálpaði flóttamönnum, konum og börnum til að flýja undan nasistmanum í óþökk ríkisstjórnar sinnar. Þá hafa verið lögð drög að minjum frá franska þorpinu Oradour-sur-Glane sem staðið hefur óbreytt og óhreyft frá 10. júní 1944 þegar SS-menn nasista tóku þar og tóku 642 bæjarbúa af lífi. Við höfum einnig hug á að fá minjar úr New York & New Jersey höfn sem koma frá Tvíburatumunum 9/11, baskabænum Guernica sem sprengdur var í spænsku borgarastyrjöldinni, tjékkneska þorpinu Lidiká sem jafnað var við jörðu af ss sveit nasista, fyrrum sovésku fangabúðunum sem kenndar eru við Gulag, hringleikahúsinu Colosseum, rústum frá Búddunum í Bamiyan-dal sem sprengdir voru í Afganistan af Talibönnum 2001 til að þurrka út söguleg ták og vanvirða trúarlega hugmyndafræði og frá Þrælaverzluninni í Liverpool.

Í ágúst 2013 var stofnað einkahlutafélag um hönnun, smíði og kynningu húsgagna, listaverka, tónleikahald, listasýningar og allir flokkar tengdir atburðum í listageiranum og framleiðslu kvikmyndagerðar. Fyrirtækið ber heitið 40.074KM ehf. Nafn fyrirtækisins er ummál jarðar um miðbaug. Félagið ber ábyrgð á Miðbaugs- minjaverkefninu, alþjóðlegu farandverkefni listamanna. Það hefur verið að þróa verkefnið og undirbúa alþjóðlegan vettvang þess. Það er ábyrgt fyrir að safna heims- sögulegu efni / rústum saman í samvinnu við viðkomand stjórnvöld og stofnanir, auk þess sem fyrirtækið er að finna alþjóðleg fyrirtæki og samstarfsaðila til að taka þátt í verkefninu. Verkefnið þykir mjög sérstakt og nýjar hugmyndir koma fram varðandi umhverfið s.s. í endurvinnslu á rústum sögulegra heimsminja sem endurfæðast svo í nýrri sögu sem sköpuð er úr formi hönnunar og listar. Verkin verða sýnd á alþjóðlegum listasýningum og seld á uppboði. Hluti af hverju seldu verki mun renna í sjóð til að styrkja góð málefni og mannúðarmál á heimsvísu. Númeraðar eftirprentanir verða gerðar af ljósmyndum af völdum verkum og gefin verður út ljósmyndabók með safni listaverka í lok Miðbaugs-minjaverkefnisins sem boðnar verða í sama tilgangi. Áætlað er að setja upp röð af listasýningum um allan heim fyrir mikilvægi umhverfis, réttlætis, frelsis og friðar. Fyrsta sýning verkefnisins var opnuð af Forseta Íslands, Hr. Guðna Th. Jóhannessyni og Japanska Sendiherranum, Yasuhiko Kitagawa í desember 2016 í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi.

Fyrirhugað er að setja upp aðra sögu -og listasýningu í Höfuðstöðvum Mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna UNESCO í París, þann 5 júní á 45 afmæli Alþjóðlegs Dags Umhverfis 2019 á listmunum verkefnisins. Það er mikill heiður að fá að sýna í Höfuðstöðvum UNESCO. Bæði er það mjög fallett og virðingavert fyrir Ísland og eflaust gefur þetta góð tækifæri fyrir það listafolk sem er viðriðið sýninguna. An efa gefur það jákvæða ímynd og kynningu fyrir landið í hinum ýmsu alþjóðlegu fjölmiðlum. Það eru 193 lönd aðilar að Sameinuðu þjóðunum, SP, (e. United Nations, UN). Forseti Íslands, Hr. Guðni Th. Jóhannesson hefur sent meðmælalibréf til aðalframkvæmdastjóra Mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna UNESCO, Audrey Azoulay vegna sýningarinnar.

Hér með er þessa farið á leit við Akureyri um að styrkja verkefnið að upphæð ISK 1.000.000,- sem að munu fara í efniskaup og ýmsa þjónustu vegna listaverka sem verða á listasýningunni. Það verður efnt til alþjóðlegs kynningarstarfs í tengslum við sýninguna þar sem stuðnings Akureyrar verður getið sem einn af styrktaraðilum vegna uppsetningar sýningarinnar. Hér er um verðugt og metnaðarfullt verkefni að ræða sem hefur hagnýtt, sögulegt og menningarlegt gildi. Miðbaugs- minjaverkefnið er með alþjóðlega vottun frá UNESCO sem fer með skráningu heimsminja og eftirlit með varðveislu þeirra. Nákvæm kynning á verkefninu fylgir í skjölum auk þess sem forráðamenn þess eru til þess búnir að láta Akureyri í té allar upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar sé þess óskað.

Virðingarfyllst  
fh. Miðbaugs- minjaverkefnisins.

Ksenija Zapadenceva, verkefnastjóri

Jóhann Sigmarsson, listamaður